Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

Erum einnig á visir.is

APRÍL 2022

4. tbl. 29. árg.

Öll lyf á lágmarksverði og samheitalyf líka!

Lyfjaval APÓTEK

Vertu tilbúin/n þegar draumaeignin kemur í sölu

Skráðu eignina til sölu hjá mér. Ég sendi atvinnuljósmyndara að taka myndir þér að kostnaðarlausu.

Ég geri allt klárt og þegar draumaeignin kemur í sölu þá setjum við þína eign í sölu og höldum opið hús áður en opna húsið í draumaeigninni er haldið.

Ef þú færð ekki draumaeignina þá greiðir þú ekkert.

Frítt verðmat!

ÞORLÁKUR
S: 699 4675
thorlakur@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
fastlind.is | nyjaribudir.is

Þemadagar í Hólabrekkuskóla

Þemadagar voru í Hólabrekkuskóla dagana 22. til 25. mars þar sem yfirskriftin var Heimsálfurnar.

Mikið fjör var þessa daga þar sem sköpunargleðin fékk notið sín sem aldrei fyrr. Endað var á langþráðri foreldraheimsókn í skólann sem var mjög vel sótt af foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum. Nemendum var skipt upp í 24 hópa og nemendur frá fyrsta upp í tíuna bekk voru saman í hóp. Nemendur í 10. bekk voru ábyrgðarmenn og nemendur 9. bekkjar aðstoðarmenn. Á myndinni má sjá eitt að þeim verkum sem urðu til á þemadögunum en mikil fjölbreytni réð þar ríkjum.

Mynd: Katrín Kristín.

Brynja

Hinn eini sanni Brynjuís nú kominn í Lóuhólana!

Brynja

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ BREIÐHOLTIÐ

OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
4. tbl. 29. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Félagsauður er styrkur

Breiðholt er fjölmenningarbyggð. Fjölbreyttur félagsauður er einn helsti styrkur hennar. Fólk af ýmsu þjóðerni með margvíslegan bakgrunn myndar nú byggðina sem afmörkuð er með útlínum Breiðholts.

Þessi þróun hefur orðið að umliðnum þremur áratugum. Einkum þó það sem af er þessari öld. Atvinnulífið hefur kallað eftir fleira fólki til að leysa ýmis störf af hendi vegna þess að mannfæð Íslendinga nær ekki að leysa þau verkefni af hendi sem skapast í nútíma samfélagi.

Líkur eru til að þessi þróun haldi áfram. Ferðaþjónustan er að koma til baka – alla vega að verulegu leyti eftir að hafa þurft að halda að sér höndum vegna kovid faraldursins. Hún kallar á fleiri störf.

Á sama hátt mun byggingaiðnaðurinn kalla eftir fleiri vinnandi höndum á næstu árum. Ljóst er að viðvarandi húsnæðisskortur hefur háð landsmönnum og einkum á höfuðborgarsvæðinu. Úr því þarf að vinna. Næstu áratugur mun verða áratugur byggingaframkvæmda.

Þótt atvinna sé fyrir hendi og lífsviðurværi sæmilegt eða gott tekur ávallt tíma fyrir fólk að laga líf sitt eftir nýjum heimkynnum. Þar kemur tungumálið við sögu. Margt af aðfluttu fólki kemur frá ólíkum málsamfélögum. Engir tala Íslensku og sumir tala ekki ensku.

Í Breiðholti hefur margt verið gert til þess að auðvelda fólki að finna sér flöt í nýjum heimkynnum. Skólasamfélagið og Þjónustumiðstöð Breiðholts hafa stígið mörg skref í þá átt. Það starf mun halda áfram. Félagsauður er styrkur byggðarinnar.

GARÐS APÓTEK
- rétt leið

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið 9-18 virka daga.

Grænar byggðir munu rísa í Breiðholti

- þrír hópar valdir til að skipuleggja uppbyggingu

Hugmynd að nýjum leikskóla við Völvufell.

Þrír hópar verða valdir til uppbyggingar á grænu húsnæði í Breiðholti. Hópur sem standur saman af Vistbyggð, Eflu og Arkís arkitekta verður boðið til samninga við borgina um uppbyggingu við Völvufelli 13 til 23. Þá mun Reykjavíkurborg ræða við hóp Arkþings Nordic, Eflu, S8 og Þingvangs um lóðina Völvufell 43. Hópur á vegum Alverks, Grímu, Tendru og VSÓ mun svo koma að borðinu um lóðina að Arnarbakka 6.

Með þessu tekur Reykjavíkurborg föst skref í átt að umhverfisvænni markmiðum er kemur að hönnun, húsagerð og framkvæmdum. Mikilvægt er að huga að byggðu umhverfi sem hringrás þar sem samgöngur, skipulag og hús eru hugsað sem heild fyrir fólk. Nú taka við samningaviðræður við vinningshópana um framþróun þeirra fimm reita sem borgin lagði til í verkefnið. Markmið viðræðnanna er semja um útgáfu formlegra lóðavilyrða og í kjölfarið lóðaúthlutun með þeim skilyrðum og kvöðum sem skilgreind verða í hverju tilviki fyrir sig til að markmið verkefnisins náist.

Um nokkurt skeið hafa reitirnir við Völvufell og Arnarbakka verið til skoðunar hjá borginni með uppbyggingu fyrir augum. Hefur borgin meðal annars fest kaup á fasteignum til að rýma fyrir nýju umhverfi.

Þrír ærslabelgir í Breiðholtið

Þrír ærslabelgir vera settir upp í Breiðholti í sumar. Það er hluti af umhverfisverkefni borgarinnar og afleiðing af kosningu í "hverfið mitt" þar sem óskað var eftir uppblásnum ærslabelgjum.

Ærslabelgirnir eru þó aðeins brot af þeim rúmlega hundrað verkefnum sem koma til framkvæmda á árinu 2022 í tengslum við lýðræðisverkefnið Hverfið mitt.

Reykvíkingar geta verið hoppandi glaðir í sumar þegar ærslabelgjafjöldinn í borginni margfaldast en þrettán nýir ærslabelgir verða settir upp. Ærslabelgirnir verða tveir í Grafarvogi, tveir í Háaleiti og Bústöðum, tveir í Árbæ og Norðlingaholti, og einn í Grafarholti og Úlfarsárdal, Kjalarnesi, Laugardal og Vesturbæ. Áætlaður kostnaður vegna þessara 111 verkefna er 850 milljónir króna. Áætlaður framkvæmdatími er maí til desember 2022.

Þrír ærsalbelgir verða settir upp í Breiðholti.

AÞENA
HÁRSNYRTISTOFA
Þangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

XF

Fólkið fyrst

í betra Breiðholti!

Forgangsröðum fjármunum borgarinnar til að stórbæta þjónustu og velferð fólks.

- Tryggjum að engin börn í Reykjavík þurfi að bíða eftir þjónustu fagfólks. Bið getur kostað líf.
- Tryggjum að öll börn fái aðgengi að tómstundastarfi og íþróttum, óháð efnahagsstöðu foreldra. Skiljum engan út undan.
- Stóraukum framboð á lóðum. Það er grafalvarlegt að húsaleiga nemi allt að 70% af ráðstöfunartekjum fólks.
- Gerum eldra fólki kleift að búa sem lengst heima. Tryggjum viðeigandi heimaþjónustu.
- Höfum frítt í strætó fyrir tekjuminni, öryrkja og 67 ára og eldri. Mætum mismunandi samgönguþörfum borgarbúa.

Flokkur Fólksins

flokkurfolksins.is

VIÐTALIÐ

Ég vil vinna með fólki

- segir Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur og borgarfulltrúi

Hver er Kolbrún Baldursdóttir. Sálfræðingur, Breiðholtsbúi, borgarfulltrúi í Reykjavík, ræktunarmanneskja austur í sveitum og fyrrum hænueigandi. Hvað þar á milli. Manneskja sem hefur kosið að vinna með fólki. Sem sálfræðingur og nú undanfarin fjögur ár sem stjórnmálamaður. Hún kveðst stefna að því að eyða næstu fjórum árum í borgaramálaharkinu.

Kolbrún var beðinn að lýsa sjálfri sér aðeins. Hver hún sé og hvernig. „Ég er frökk, dálítið kjörkuð og verkglöð," segir hún og brosir út í annað. „Ég vil koma sem mestu í verk. Vinna er mitt helsta áhugamál fyrir utan fjölskylduna barnabörnin mín fjögur og það fimmta sem er á leiðinni. Ég hugsa líka oft um sveitina mína sem við hjónin höfum ræktað í tugi ára. Þangað fer ég stundum til að slaka á og hugsa. Ef einhver spyr um ókosti mína þá eru þeir margir. Mörgum þyki ég stjórnsöm en ég sé það nú reyndar oft sem kost. Ég vil drífa í hlutunum. Og sennilega segi ég of mikið. Ef mér mislíkar og misbýður þá segi ég sennilega of mikið. Jafnvel getur þá sviðið undan. Ég þoli bara ekkert bull og kjaftæði ef ég má orða þetta pent."

Minnihlutinn vængstýfður

Kom henni eitthvað á óvart þegar hún steig inn í Ráðhús Reykjavíkur. Hún segir að viðvarandi óeining á milli meiri og minnihluta hafi einkennt kjörtímabilið. Að mörgu leyti sé erfitt að starfa í minnihluta. Tilhneigingin sé að svæfa allt sem fulltrúar þeirra afla.. Ekki sé horft á hvort um góð eða nauðsynleg mál sé að ræða heldur hver leggi þau fram. Þetta sé allt of algengt í sveitarstjórnarmálum. Með þessari skiptingu sem eigi rætur í starfsháttum Alþingis sé hluti borgarfulltrúa nánast óvirkur, honum ekki hleypt upp á dekk. „Auðvitað vona ég að fólki finnst ég hafa staðið mig, gert gagn þó nánast öll mín mál sem telja mörg hundruð í þágu fólksins hafa verið felld eða vísað frá. Þannig er líf minnihlutafulltrúa – því miður. Ég lifi eftir þeirri speki að orð séu til alls fyrst. Umræðan geti verið af hinu góða og sumt nái að rata til betri vegar. En það gengur ekki að láta þar við sitja. Ég vil framkvæma. Framkvæma af skynsemi."

Fæði og klæði fyrir alla

Og nú er aftur komið að slagnum. Hvernig leggst hann í ýtna og stjórnsama konu sem hefur barist áfram í minnihlutastarfi í borginni. "Kosningabarátta er erfið en einnig skemmtileg fyrir kappsama manneskju eins og mig. Ég er afar þakklát mínum flokki og formanni hans fyrir að gefa mér tækifæri til að leiða þennan góða lista aftur. Með mér er úrvals fólk sem brennur fyrir málefnunum og er tilbúið að leggja nótt við dag í þágu borgarbúa. Við ætlum að halda áfram að hlusta og ekki bara hlusta heldur heyra og við viljum almennilegt samráð við fólkið og að það samráð sé haft á fyrstu stigum mála en ekki í miðju ferli þegar búið er að ákveða grunnmyndina. Flokkur fólksins berst fyrir auknum jöfnuði í Reykjavík og útrýma fátækt enda á engin að þurfa að líða skort í borginni. Við viljum fæði, klæði og húsnæði fyrir alla, samgöngur án tafa og almennilegt samráð við borgarana."

Vesturbæingur en innfluttur Breiðhyltingur

Kolbrún hefur búið lengi í Breiðholti og hugsanlega vilja margir tengja hana við þann borgarhluta. En er hún hverfismanneskja í þessum öfluga borgarhluta. "Það tengja mig eflaust ýmsir við Breiðholtið. Ég hef verið þar svo lengi. Síðust 20 ár hef ég búið í Breiðholti. Þetta er dásamlegt hverfi og finn ég hvert sem ég fer að hér á ég heima. Mér

Kolbrún Baldursdóttir.

mætir bros og hlýja sem yljar um hjartarætur. Nei, er ekki innfædd í Breiðholtið heldur innflutt. Ég er Vesturbæingur. Ég ólst þar upp. Gekk í Melaskóla, Hagaskóla. Þaðan lá leiðin í Versló og síðan í Háskóla Íslands. Hinum eiginlega námsferli lauk með því að ég fór til Bandaríkjanna í framhaldsnám í sálfræði. En auðvitað er maður alltaf að læra þótt um eiginlegt nám sé ekki að ræða. Lífsleiðin hefur alltaf eitthvað nýtt að færa."

Fangamál, barnaverndarmál og heilsugæslumál

Starfsferill Kolbrúnar hefur að mestu legið innan sálfræðilegra verkefna. Hún fékk löggildingu sem sálfræðingur 1992 og hóf störf hjá Fangelsismálastofnun. Í því starfi hitti hún marga sem voru sviptir frelsi sínu fyrir margvíslegar sakir. Eftir það varð hún yfirsálfræðingur á Stuðlum og sálfræðingur barnaverndarmála í Kópavogi. Loks starfaði hún sem heilsugæslusálfræðingur í Mjódd þar til borgarmálin tóku yfir. Hef rekið stofu síðan 1992, verið skólasálfræðingur í 10 ár, starfað á Göngudeild Sóttvarna í 6 ár þar sem ég veitti hælisleitendum sálfræðiþjónustu. Hef kennt á öllum skólastigum og haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra m.a. um sálfræðileg málefni þ.m.t. eineltismál og úrvinnslu þeirra. Var um tíma formaður Stéttarfélags sálfræðinga og formaður Barnaheilla Save the Children í 6 ár. Þetta er ekki tæmandi en kannski er ég að verða leiðinleg með þessari upptalningu. Hef alltaf skrifað mikið og var fyrir löngu farin að tjá óánægju mína með hversu lengi börn þurfa að bíða eftir fagþjónustu sálfræðinga áður en ég kom í borgarstjórn.

Þoli ekki óréttlæti

"Alveg frá því ég man eftir mér hef ég brunnið af sterkri réttlætiskennd," segir Kolbrún. "Hvers kyns óréttlæti, mismunun, óheiðarleiki og valdníðsla sem ég hef orðið vitni að á lífsleiðinni hefur vakið í brjósti mér kraft tígrisdýrsins. Með þessari samlíkingu er ég að reyna að lýsa því báli sem blossar upp finni ég mig í aðstæðum í starfi jafnt sem einkalífi þar sem fólki líður illa og þar sem beitt er ofbeldi eða óréttlæti. Sú staðreynd að margt fólk á hvorki í sig né á og þeir erfiðleikar sem það hefur í för með sér er hrein skömm fyrir gott samfélag. Ég vil laga það sem þarf að laga hvað sem það kostar. Kjör aldraða, öryrkja og láglaunafólks hafa versnað, húsnæðismál þessara hópa eru í ólestri og mun ég berjast af eldmóði í þágu þeirra verst settu. Ég vil útdeila fjármagni í þágu grunnþjónustu og annarra nauðsynlegrar þjónustu og að betur sé farið með fjármagn þorgarbúa en gert hefur verið. Ég hef beitt mér og langar að fá að gera það áfram á vettvangi stjórnmálanna. Í vetur tók ég sæti á þingi sem varaþingmaður Tómasar A. Tómassonar. Það var skemmtilega lífsreynsla."

Bál óréttlætis

"Þótt ég segi sjálf frá finnst mér að ég hafi verið farsæl í starfi mínu sem sálfræðingur. Á hverjum degi er umbun þegar mætir mér bros og þakklæti og mér sagt að ég hafi hjálpað. Börn og unglingar voru minn skjólstæðingahópur til fjölda ára. Ég þrái að fá að halda áfram í borgarstjórn og satt að segja komast í meirihlutann svo ég geti gert eitthvað annað en að vonast til að dropinn holi steininn. Það má ekki linna látum fyrr en t.d. biðlistar barna er ekki lengur og eldra fólk og öryrkjar, sá hluti þeirra sem á ekki til hnífs og skeiðar eða eru einangruð og einmana hefur fengið það sem þarf til að lifa með sæmd og liðið vel. Í mér brennur bál óréttlætis og sorgar þegar ég hugsa til þess hvernig farið hefur verið með

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

MJÓDDIN

fólk í Reykjavík sem búið hefur við skerta örorku, lúsarlaun, fólk sem missti allt sitt í Hruninu og á annað hundrað eldri borgara sem bíða nú ýmist eftir hjúkrunar- og dvalarheimili eða þjónustu til að geta verið sem lengst heima. Eftir sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk bíða á annað hundrað manns og margir hafa beðið árum saman”

Löngun til að hjálpa kom snemma

Kolbrún er hvergi deig þegar áhuga- og baráttumál hennar eru á dagskrá. En hvert er líf hennar fyrir utan sálfræðina og hina pólitísku baráttu. Hvað finnst henni mikilvægast í lífinu. „Árin eru orðin 63. Þá fer maður að líta meira til afkomendanna. Þá skynjar maður betur að ekkert skiptir meira máli í lífinu, hverju hefur maður áorkað? Hvað skilur maður eftir sig og hefur líf manns haft einhvern tilgang fyrir aðra og fyrir umhverfið? Þetta eru spurningar. Mér finnst skemmtilegt að vera með börnunum mínum, tengdasonum og umfram allt barnabörnunum. Ef ég er hreinskilin þá hefði ég viljað eignast hóp af börnum en beið of lengi. Það voru oft vonbrigði í bernsku. Ég bjó um tíma við alkóhólisma foreldris og heimilisofbeldi og fátækt og basl mömmu sem var ein að ala önn fyrir fjórum börnum. Lágt sjálfsmat og brotin sjálfsmynd fylgdi mér lengi fram eftir en metnaðargirni að ná árangri í því sem ég tók mér fyrir hendur varð yfirsterkari og löngunin til að hjálpa fólki kom mjög snemma.“

Heimakær og lifi fyrir sumarbústaðinn

„Ég er mjög heimakær. Vil helst vera heima eða í bústaðnum með fjölskyldu minni. Finnst líka gaman að dvelja endrum og sinnum á Tenerife en bara stutt í einu. Síðan er skemmtilegt þegar maður stendur sig vel, vandar sig í verkum sínum og stendur með sjálfum sér sama hvað gengur á. Ég þoli hins vegar illa óreiðu og rugl. Þurfa að hlusta á bull og afsakanir eða þegar fólk er að koma sér undan ábyrgð. En hvað ætlar Kolbrún að gera í sumar. „Ég ætla að vera eins mikið í sumarbústaðnum eins og ég get. Ég nýt þess að dvelja fyrir austan á sumarsvæðinu okkar. Þar hefur maðurinn minn Jón Guðmundsson sem er plöntulífeðlisfræðingur og listamaður ræktað fjöldann allan af ólíkum plöntum og trjám til meira en 30 ára. Þar er sumarhús og gestahús sem við höfum byggt. Þar eru endalaus verkefni.“

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

AS WE GROW
Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929

Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700

Hilmar Jónasson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500

Ragnheiður Pétursdóttir
hdl og löggiltur fasteignasali

Harpa Rún Glad
hdl og löggiltur fasteignasali

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Arnarbakki

65 íbúðir fyrir námsmenn

Arnarbakki í Breiðholti.

Borgarráð hefur samþykkt lóðarvilyrði fyrir um 65 íbúðir fyrir námsmenn í Arnarbakka. Gert er ráð fyrir að lóðinni verði úthlutað á þessu ári. Auk þess var samþykkt viljayfirlýsing fyrir um 140 íbúðir á þremur lóðum sem gert er ráð fyrir að úthlutað verði á árunum 2025 til 2027.

Samkvæmt þessu getur Byggingafélag námsmanna byggt allt að 205 íbúðir á fjórum lóðum. Byggingafélag námsmanna hefur einnig byggt á grunni viljayfirlýsinga sem borgin mun uppfylla á næstu tveimur árum og gera félögin ráð fyrir að byggja áfram í jöfnum takti næstu árin.

Fimmtán ár frá átökunum um spilasal í Mjóddinni

Í upphafi árs 2007 urðu miklar deilur um hvort opna ætti spilasal í Mjóddinni í Breiðholti. Um var að ræða spilasal á vegum einkafyrirtækisins Háspennu sem var og er í samstarfi við Happdrætti Háskóla Íslands um rekstur spilakassa. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var borgarstjóri á þeim tíma. Hann beitti sér strax gegn áformum Háspennu og Happdrættis Háskólans og segir málflutning forsvarsmanna happdrættisins hafa verið ótrúlegan. Hann segir að ef þessi starfsemi hefði verið staðsett í hjarta Mjóddarinnar hefði það getað stórskaða allan verslunarrekstur í Mjóddinni og síður en svo haft góð áhrif á nágrennið allt. Málið var ekki einfalt og virtust Háspenna og Happdrætti Háskólans hafa innihald laga og reglna með sér. "Það var mikil „barátta" sem ég háði við forsvarsmenn Happdrætti Háskóla Íslands, sem töldu þessa starfsemi ákaflega vel staðsetta og myndi ekki skapa neina erfiðleika, miklu fremur hafa góð áhrif á verslunina í Mjóddinni," segir Vilhjálmur sem gafst ekki upp og spilasalurinn var aldrei opnaður.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fyrrum borgarstjóri ásamt eiginkonu sinni Guðrún Kristjánsdóttur sem nú er ný látin.

Forsvarsmenn Happdrættis Háskóla Íslands lögðu þunga á herslu á að spilasalurinn yrði opnaður. Samkvæmt reglum hefði Háspenna allan rétt til þess að opna salinn. Í grein um málið var meðal annars sagt að vert væri að benda á að samkvæmt gildandi skipulagi borgaryfirvalda um Mjódd væri leyfilegt að reka spilasal þar. Sá fyrirhugaði rekstur spilasalar sem fyrirtækið Háspenna ehf. hafi í hyggju að reka þar er sé löglegur og í samræmi við gildandi skipulagsákvarðanir borgaryfirvalda og hafi hlotið öll tilskilin leyfi frá borgaryfirvöldum til rekstrarins. Í þessu ljósi komi á óvart að borgaryfirvöld væru óánægð með staðsetningu þessa fyrirhugaða reksturs. Þá veki undrun að borgaryfirvöld hafi beint spjótum sínum í fjölmiðlum að Happdrætti Háskóla Íslands sem í einu og öllu hafi farið að lögum og hefur gætt þess að happdrættisvélarnar séu ekki á öðrum stöðum en samrýmist löglegum skipulagsákvörðunum borgaryfirvalda á hverjum tíma.

Mikil andstaða í Breiðholti

Í frétt í Breiðholtsblaðinu frá þessum tíma kom fram að engar líkur væru á að spilasalur á vegum Háspennu og Happdrættis Háskóla Íslands yrði opnaður í Mjóddinni. Borgaryfirvöld ættu í viðræðum við forsvarsmenn happdrættisins um að þessari starfsemi verið fundin staður annars staðar. „Mikil andstaða er í Breiðholtinu við hinn fyrirhugaða spilasal og mótmæltu yfir 2000 manns opnun hans með undirskrifum í desember. Íbúasamtökin Betra Breiðholt eru algerlega andvíg spilasal Háspennu og mikil andstaða er einnig á meðal þeirra sem annast verslanarekstur og aðra þjónustu í Mjóddinni. Eins og kom fram í Breiðholtsblaðinu hafi ekki reyndst unnt að opna spilasalinn um nýliðin áramót eins og ráð var fyrir gert vegna þess að Háspenna fékk ranga gerð af spilakössum afgreidda frá framleiðanda og varð að senda þá aftur af landi brott. Málið kom inn á borð borgarráðs sem samþykkti tillögu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, borgarstjóra að skipa starfshóp til þess að fara yfir málefni spilasala og rekstur spilakassa í borginni bæði er varðar staðsetningu þeirra og hvort rétt væri að setja slíkri starfsemi sérstök skilyrði í lögreglusamþykkt Reykjavíkur."

Ekki erindi sem erfiði

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sagði að enginn óskaði eftir því að spilakössum yrði fjölgað. Tilkoma spilasalar af þessari gerð væri það versta sem komið geti fyrir Mjóddina á þá starfsemi sem þar fer fram. Hann benti á að breytingar hafi orðið í verslanakjarnanum í Mjóddinni á árinu 2006. Ríkisvaldið hafi ákveðið að flytja starfsemi heilsugæslunnar þangað sem þýði að tveimur vinsælum verslunum hafi verið sagt upp húsnæði og verslun ÁTVR hafi einnig verið flutt á brott auk þess sem nú eigi að opna spilasal í því húsnæði en ekki verslunarstarfsemi. Við það geti íbúar hverfisins, rekstrar- og þjónustuaðilar í Mjóddinni og borgaryfirvöld ekki unað. Skemmst er frá því að segja að forsvarsmenn Háspennu og Happdrættis Háskóla Íslands sem beitti sér meira í málinu á opinberum vettvangi áttu ekki erindi sem erfið. Vilhjálmi tókst að koma í veg fyrir að spilasalurinn yrði opnaður.

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT
Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði
Opnum 22. febrúar n.k.
kl. 11-16

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is
Bergsteinar legsteinagerð

Vortónleikar í Fella- og hólakirkju

Vorið kemur í Fella- og hólakirkju laugardaginn 30. apríl. Þá kemur Vörðukórinn úr uppsveitum Árnessýslu í heimsókn í kirkjuna.

Kórinn heldur sameiginlega tónleika með kór kirkjunnar. Einsöngvari á tónleikunum er Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir og Arnhildur organisti leikur með báðum kórum á flygilinn.

Tónleikarnir hefjast kl. 14.00.

Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir.

TOYO TIRES · PIRELLI POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL · Lawfenn Journey in Style · MAXXIS DEKK · Mastercraft TIRES · NANKANG FREE YOUR WAY · INTERSTATE TIRES · DOUBLECOIN

Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins.
Tímapantanir á nesdekk.is

Nesdekk Grjóthálsi 10.
Engar tímapantanir.
Þú mætir með bílinn og ferð í röð.

Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210
Röð

***Stærðin skiptir ekki máli** á Breiðhöfða 13.*

NESDEKK
561 4200 / nesdekk.is

Leiklistasýning frístundaheimilanna

Síðustu ár hafa frístundaheimilin í Breiðholti staðið fyrir leiklistarsýningu barna í fyrsta og öðrum bekk á frístundaheimilum í Breiðholti. Í ár var hún haldin í hátíðarsal Breiðholtsskóla föstudaginn 1. apríl.

Börnin höfðu síðustu vikur æft Ávaxtakörfuna og var verkið flutt með pomp og prakt. Undirbúningur fyrir sýninguna fólst m.a. í að æfa lögin, texta, búa til andlitsgrímur og mála þær. Börnin fengu með sér heim boðsmiða fyrir foreldra og forráðamenn sína og mættu fjölmargir áhorfendur á sýninguna.

Mikil eftirvænting var meðal barnanna og má með sanni segja að þau hafi staðið sig afar vel. Gaman var að geta boðið foreldrum og forráðamönnum á sýninguna enda hefur það ekki verið hægt síðustu tvö ár vegna kórónuveirunnar. Mörg barnanna voru að taka sín fyrstu spor á sviði og er aldrei að vita nema að verkefni þessi kveiki á einhverri leiklistarbakteríu.

Þessar myndir voru teknar af sýningaratriðum leiksýningarinnar.

Færði Seljahlíð verk að gjöf

Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari færði Seljahlíð heimili aldraðra í Breiðholtið verkið Mann og konu, steyptu í ál. Frummynd verksins er frá 1968 og er í eigu Listasafns Íslands. Hallsteinn er sjálfur fluttur í Seljahlíð en stundar enn vinnu sína og listsköpun og fer í vinnustofuna við Ystasel. Hann er einn þeirra sem byggðu við þá götu sem ætluð var listafólki og hún er hönnuð sem sambland af íbúðarhúsnæði og vinnustofu og sá síðasti sem flytur úr götunni. Hallsteinn er bróðursonur Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara og í verkum hans má víða finna skyldleika við agaðan módernisma Sigurjóns Ólafssonar frá því á sjöunda áratugnum. Hallsteinn hefur verið afkastamikill í gegnum tíðina eins og sjá má við heimili hans í Ystaselinu og í höggmyndagarði hans í Gufunesi.

Jón Proppe listfræðingur skifaði formála í sýningarskrá Hallsteins árið 2006 og þar segir meðal annas. „Verk Hallsteins Sigurðssonar eru nokkuð sér á parti í jurtagarði íslenskrar höggmyndalistar þar sem þó er allfjölbreytt flóra. Höggmyndir Hallsteins unnar í málm eru opnar og léttar í efni og formi. Það má segja að hann teikni fram rýmið og hann notar gjarnan til þess létta teina og málmplötur sem hann sýður saman en hefur eins mikið loft og innra rými og hægt er. Formbyggingin er naum og rétt nægileg til að ná tilgangi sínum en að því leyti mætti kalla verkin eins konar minimalisma, sér í lagi verkin þar sem endurtekin eða hnígandi form draga athyglina að rúmfræði byggingarinnar. Hallsteinn er trúr sínum efnivið, notar járn og stundum ál, en hins vegar dregur hann ávallt úr vægi efnisins, öfugt við það sem nú tíðkast iðulega, og sækist frekar eftir gegnsæi svo innri bygging verkanna verði sýnileg. Þessi áhersla á formbyggingu og léttleiki verkanna valda því að þau virðast hljóðlát samanborið við mikið af höggmyndalist samtímans þar sem lagt er upp úr því að fanga örugglega athygli áhorfandans.“

Þessi stækkaða afsteypa af verki Hallsteins Maður og kona stendur neðan við Seltjarnarneskirkju. Hún var sett þar árið 1989.

Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Vissir þú að í Breiðholti eru starfræktir búsetukjarnar á vegum Reykjavíkurborgar þar sem veitt er þjónusta fyrir fólk með fötlun?

Nú er opið fyrir umsóknir um sumarstarf á þessum stöðum. Um er að ræða frábært tækifæri til þess að eiga skemmtilegt og þroskandi sumar.

Þungamiðja starfsins er að styðja einstaklinga við athafnir daglegs lífs, stuðla að auknu sjálfstæði og auka lífsgæði.

Ef þig langar í fjölbreytta vinnu þar sem þú getur haft bein jákvæð áhrif á líðan einstaklinga og á sama tíma upplifað að þitt starf skiptir máli – þá er þetta starfið fyrir þig!

Við viljum fá fjölbreyttan hóp á öllum aldri til vinnu.

Hægt að sækja um starfið hér: https://jobs.50skills.com/reykjavik/is/13209

Senda má fyrirspurn á þetta netfang: Lara.Sigridur.Baldursdottir@reykjavik.is
eða hringja í Þjónustumiðstöð Breiðholts 4111300

Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Breiðholts

Breiðholt

REYKJAVÍK
fyrir okkur öll

Sara Björg Sigurðardóttir skrifar

Þátttaka í samfélagi fyrir okkur öll

Sara Björg Sigurðardóttir er formaður Íbúaráð Breiðholts og vara-borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Tilkoma sendiherra og brúarsmiða er áskorun að ná til breiðs hóps fólks af erlendum uppruna sem býr í Breiðholtinu en fjölbreyttur félagsauður er einn helsti styrkur hverfisins. Þannig fæddist sendiherraverkefnið, sem Þjónustumiðstöðin í Breiðholti heldur utan um. Það verkefni styður við Frístundir í Breiðholti og er meðal annars til að skapa vettvang og umgjörð fyrir samstarf við íbúa af erlendum uppruna innan hverfisins, efla aðgang þeirra að upplýsingum og þar með þjónustu og samfélagsþróun innan borgarinnar. Sendiherrarnir eru fulltrúar síns heimalands og eru brúarsmiðir milli sinna samlanda og þjónustu borgarinnar. Frábært verkefni sem ég bind miklar vonir við að stuðli að aukinni virkni og þátttöku falins félagsauðs.

Samfélag fyrir okkur öll

Þátttaka barna af erlendum uppruna í frístundastarfi er góð leið til að þau samlagist samfélaginu. Þau verða hluti af okkur og við hluti af þeim. Öll saman. Þátttakan styrkir þau við íslenska málnotkun og myndun félagslegra tengsla við aðra krakka af ólíkum uppruna. Með þátttöku í frístundum verða börnin hluti af stærri og fjölbreyttari vinahópi og mynda stærra tengslanet. Við viljum öll tilheyra hópi, vera virkir samfélagsþegnar og vaxa í umhverfi sem okkur líður vel í.

Frístundir í Breiðholti

Frístundir í Breiðholti er þriggja ára tilraunaverkefni sem Samfylkingin leiddi á kjörtímabilinu en það gengur út á að hækka frístundakortið um 30 þúsund krónur fyrir krakka í fyrsta og öðrum bekk. Þá er krökkum gert auðveldara að prófa að færa sig á milli íþrótta- og frístundastarfs án aukagjalds. Markviss kynning á íþrótta- og frístundastarfi er sameiginlegt verkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, grunnskólanna og íþrótta- og frístundaaðila í hverfinu í náinni samvinnu við samtök íbúa af erlendum uppruna, með það fyrir augum að ná til sem flestra, sérstaklega þeirra sem eru ekki virk í frístundastarfi. Nýtt starf frístundatengils varð að veruleika á síðasta ári og er hann í nánu samstarfi við skólastjóra, kennara og aðra tengiliði innan nærsamfélagsins. Hann tekur við ábendingum um krakka sem þurfa stuðning og hjálp til þátttöku og nær þeim í þátttöku á þeirra forsendum eftir samtal og stuðning.

Styrktarsjóð í öll hverfi borgarinnar að fyrirmynd Breiðholts

Samfylkingin setti það í stefnu sína fyrir kosningarnar 2018 að safna saman í sjóð vannýttu fjármagni frístundakortsins sem héldist innan hverfisins. Þessi hugmynd kom frá mér og núna langar mig að taka þessa hugmynd í öll hverfi borgarinnar. Styrktarsjóðurinn var stofnaður til að styðja við verkefnið Frístundir í Breiðholti. Sjóðnum er ætlað að koma til móts við aukakostnað sem hlýst af þátttöku í viðburðum, kaupum eða leigu á búnaði, þeim umfram kostnaði sem getur skapast vegna þátttöku barna og ungmenna í frístundum.

Við í Samfylkingunni vitum að fjárhagslegar skorður geta hindrað þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Reynsla okkar úr Breiðholti sýnir það og því var þessi styrktarsjóður mikilvæg viðbót fyrir börnin í hverfinu og fjölskyldur þeirra enda viljum við auka möguleika og tækifæri allra barna til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Þannig hefur fjármagnið, sem fór árlega úr hverfinu í gegnum vannýtt frístundakort, fengið nýjan tilgang og nýst til góðra hluta innan hverfis. Ég er stolt af þessu verkefni en þarf endurnýjað umboð frá ykkur til að koma þessari hugmynd til framkvæmda í öllum hverfum.

Samfylkingin vill tómstundir fyrir alla í samfélagi fyrir okkur öll.

Höfundur er vara-borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, búsett í Breiðholti og skipar 7. sæti á lista Samfylkingar fyrir borgarstjórnarkosningarnar 14. maí 2022.



Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI

Eftir 15. apríl er óheimilt að aka á nagladekkjum.

SUMARIÐ ER Á NÆSTA LEITI

Fleiri hlaupa hjá Hjólakrafti

Hlauparar hjá Hjólakrafti. Þorvaldur er í miðið. Myndin er tekin við Leiknishúsið í Breiðholti.

Önnur hlaupaæfingin hjá Hjólakrafti og Leikni var haldin 31. mars sl. Helmingi fleiri mættu á þessa æfingu en í vikunni á undan viku eða 10 manns. Þetta er góður árangur segir Þorvaldur Daníelsson forstöðumaður Hjólakrafts sem hvetur sem flesta til þess að koma og prófa enda æfingarnar hugsaðar fyrir byrjendur.

Hjólakraftur er félag sem heldur námskeið fyrir ungt fólk á öllum aldri. Fyrstu námskeiðin voru haldin sumarið 2012 af þeim Þorvaldi og Eiríki Árnasyni sjúkraþjálfara. Þá var Þorvaldur framkvæmdastjóri hjá stuðningsfélaginu Krafti og þaðan kemur í raun nafnið á félaginu. Hugmyndin var að hitta fyrir fólk sem var að tapa í baráttunni fyrir hinum ýmsu lífstílssjúkdómum. Með góðu samstarfi við Heilsuskólann á LSH urðu til hópar af krökkum sem langaði að taka þátt í að hjóla.

„Hjólakraftur er fyrir alla. Helst langar okkur að hitta krakka á aldrinum 12 til 18 ára en erum einnig með hópa af ungu fólki og við skiptum hópunum eftir aldri. Í yngri hópnum eru krakkar fæddir 2000 til 2002 en í þeim eldri eru fólk fætt 1997 til 1999. Heldur þú að þú eigir samleið með Hjólakrafti. Hafðu þá samband við Þorvald eða Valda eins og hann er oft kallaður. Hann segist yfirleitt mjög snöggur að svara pósti og hann er með netfangið valdi@hjolakraftur.com og síma 848 8822 og er einnig á Facebook og senda honum skilaboð.

Enginn bíll á nöglum eftir 15. apríl

Nagladekk eru ekki leyfileg á götum borgarinnar eftir 15. apríl. Hlutfall negldra dekkja var talið í Reykjavík í mars 2022. Hlutfallið skiptist þannig að 40% ökutækja var á negldum dekkjum og 60% var á öðrum dekkjum.

Hlutfall negldra dekkja er lægra en á sama tíma í fyrra og árið 2020. Hlutfallið fer því lækkandi en betur má ef duga skal, því góð vetrardekk duga oftast betur en naglar í Reykjavík. Auk þess eru slæm áhrif nagladekkja á loftgæði og gatnaslit staðreynd.

Nagladekk eru ráðandi þáttur í svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu. „Bíll á nöglum mengar allt að 40 sinnum meira en bíll sem ekki er á nöglum," sagði Þorsteinn Jóhannsson sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun í fyrirlestri í mars og: „Það er sinnum, ekki 40 prósent meira heldur 2000 prósent meira."

Burt með naglana

Staðreyndin er að nagladekk auka kostnað á viðhaldi gatna í Reykjavík með því að slíta malbik margfalt hraðar en önnur dekk, þau auka eldsneytiskostnað bifreiða, valda óþarfa hávaða og draga úr loftgæðum með mengun. Af þeim sökum er mikilvægt að draga úr hlutfalli þeirra.

Mjög mikilvægt er að skipta um dekk núna og fara yfir á góð sumardekk, það sparar líka eldsneyti.

Nýr geisladiskur fá Gunnari Randvers

Eldri þekkt lög og frumsamin

Gunnar Randversson gítar- og pínóleikari og tónlistarkennari hefur sent frá sér nýjan geisladisk. Nefnist hann vetur og er annar diskurinn sem hann sendir frá sér. Gunnar leikur ýmis þekkt eldri lög auk þess sem eitt frumsamið lag er þar að finna. Gunnar er ekki einn um hituna á þessum nýja diski. Guðmundur Björgvinsson útsetti lögin ásamt Gunnari, stjórnaði öllum upptökum og lék auk þess á nokkur hljóðfæri. Þá má geta þess að Lilja Eivor dóttir Gunnars syngur í nokkrum lögum. "Þetta eru einkum eldri jasslög og önnur tónlist sem ég hef valið til þess að flytja. Þetta eru lagasmíðar sem ég hef lengi haldið upp á – hlustað á og spilað." segir Gunnar í spjalli við Breiðholtsblaðið.

Gunnar Randversson tónlistarmaður.

Gunnar hefur kennt tónlist með aðstöðu í Breiðholtsskóla í nokkur ár en á áhugi hans á tónlist dýpri rætur. Hann segir hana hafa fylgt sér svo lengi sem hann muni efir sér. Gunnar er uppalinn í Ólafsfirði þar sem hann nam gítar- og pínóleik ungur að árum. Hann snéri sér síðan alfarið að pínónáminu og pínóleik um árabil en hefur nú á síðari árum tekið gítarinn fram og eflt kynni sín við hann að nýju. "Mér finnst hann um margt skemmtilegra hljóðfæri að fást við en það fer líka aðeins eftir því hvaða tónlist maður er að spila. Ég fann fljótt eftir að ég fór að spila á hann aftur hversu auðvelt er að semja tónlist á hann."

Þótt Gunnar hafi búið lengst af á höfuðborgarsvæðinu og um tíma í Svíþjóð hefur hann alltaf haldið tryggð við heimahagana í Ólafsfirði. "Já – það er orðinn um hálfur fimmti áratugur síðan ég fór að Heiman en ég hef komið fleiri ári en hitt til Ólafsfjarðar ef Svíþjóðarárin eru undanskilin. Það er alltaf sérstakt að koma til gömlu heimahagana. Gott að sækja í ræturnar."

En er Gunnar ekkert smeykur við geisladiskinn þegar margir notfæra sér orðið streymisveitur til þess að hlusta á tónlist. Hann kveðst alltaf hafa haft mætur á honum. Hann er gott form og ég held að hann eigi eftir að ná sér aftur á strik. Við sjáum að gamli vinilinn er aftur kominn á stjá." En hvar er hægt að nálgast diskinn Vetur. "Hann er fáránlegur í nokkru tónlistarbúðum. Tólf tónum, Smekkleysu og Lucky Record. Nei, ég hef engar áhyggjur af að hann nái ekki til fólks."

Helgi Áss Grétarsson og Jórunn Pála Jónasdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur og snúin viðfangsefni þeirra

Grunnskólaganga hvers nemanda er mótandi fyrir framtíðarmöguleika viðkomandi. Það er því brýnt að starfsemi grunnskólanna gangi vel. Stjórnendur, kennarar og annað starfslið grunnskóla samtímans standa hins vegar frammi fyrir margvíslegum áskorunum, m.a. vegna örra breytinga í samfélaginu og tækniframfara. Skapa þarf vandaða umgjörð svo að grunnskólarnir séu vel í stakk búnir til að takast á við þennan flókna og síbreytilega veruleika. Í þessari grein verður kastljósi beint að tveim snúnum viðfangsefnum sem hafa töluverð áhrif á starfsemi grunnskóla Reykjavíkur.

Staða grunnskólanemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Í ársbyrjun 2019 var fólk af erlendu bergi brotið 14,1% af heildarfjölda íbúa hér á landi en sambærileg tala árið 1995 var 1,8%. Fjölgun íbúa á Íslandi á meðal erlendra ríkisborgara er mun meiri og hraðari en sem nemur fjölgun íslenskra ríkisborgara og er því spáð að svo verði áfram (Mannfjöldaspá 2020–2069, Hagtíðindi, 17. desember 2020, bls. 6).

Þessi þróun hefur um langa hríð haft töluverð áhrif á starfsemi grunnskólanna í Reykjavík, ekki síst þeirra sem eru í Breiðholti. Þetta stafar m.a. af því að í sumum hverfum Breiðholts er verulega hátt hlutfall grunnskólanemenda með annað móðurmál en íslensku. Almennt má segja að í framkvæmd sé erfiðleikum bundið að skipuleggja skóla- og frístundastarf þannig að þörfum nemenda með ólíkan menningar- og tungumálabakgrunn sé mætt (sjá Drög að stefnu – Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, maí 2020, bls. 12).

Í upphafi þessa kjörtímabils, haustið 2018, lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn að Reykjavíkurborg „beiti sér fyrir því að minnka eða útrýma þeim mismun sem myndast hefur á milli barna innflytjenda og annarra barna hvað varðar námsárangur og þátttöku í íþróttum og tómstundum“. Þrátt fyrir að tillagan fengi farsælan meðbyr verður ekki framhjá því horft að mikið verk er enn óunnið. Að okkar mati er t.d. mikilvægt að gripið verði til sértækra aðgerða í Efra Breiðholti, svo sem að auknu fjármagni sé varið til að fá sem flesta grunnskólanemendur til að taka þátt í íþrótta- og tómstundastarfi.

Staða drengja í grunnskólakerfinu

Í október 2020 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn til að gerði yrði úttekt á kynbundnum mun á námsárangri í leik- og grunnskóla, með sérstakri áherslu á læsisfærni á íslensku. Tillögunni var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs og eftir hér um 18 mánaða málsmeðferð var tillögunni vísað frá af núverandi meirihluta borgarstjórnar, sbr. fundargerð sviðsins, dags. 22. mars síðastliðinn. Þessi afgreiðsla varpar ljósi á þá forgangsröðun sem meirihlutinn stendur fyrir.

Til þess verður að líta að samkvæmt PISA könnun frá 2018 geta 34% drengja ekki lesið sér til gagns við lok grunnskóla hér á landi á meðan sama hlutfall fyrir stúlkur er 19% (sjá t.d. https://mms.is/frettir/nidurstodur-pisa-2018-liggja-fyrir). Ástæða er til að ætla að þessi staða hafi ekki farið batnandi undanfarin ár (sjá t.d. meistararitgerð Svövu Þórhildi Hjaltalín: Hvernig verða börn læs?, febrúar 2022). Full þörf er á því að námsárangur drengja í grunnskólum Reykjavíkur sé tekinn til sérstakrar skoðunar og fundnar séu markvissar leiðir til að bæta árangur þeirra í grunnskólakerfinu.

Leiðin fram á við

Þótt stjórnendur grunnskóla og starfslið þeirra, sé sjálfsagt allt að vilja gert til að sinna sínum verkefnum af kostgæfni, þá þarf skynsamlega pólitíska forgangsröðun til að starfsemi grunnskóla í Reykjavík taki framförum. Í þeim efnum eru opinberar stefnur, sem og skýrslur samdar af sérfræðingum, vissulega góðra gjalda verð. Hins vegar skiptir efnið meira máli en umbúðirnar.

Að okkar mati á að taka meira tillit til ráða þeirra starfsmanna sem sinna þessum verkefnum á hverjum degi, svo sem hjá kennurum, starfsmönnum frístundaheimila og einnig þeirra sem bera hitann og þungann af íþrótta- og tómstundastarfi sem fram fer nálægt einstaka grunnskólum Reykjavíkur.

Þau stjórnmál eru nefnilega vænlegust til árangurs, sem byggð eru á samráði við þá, sem þurfa á hverjum degi að lifa með afleiðingum pólitískrar stefnumótunar.

Helgi Áss skipar 7. sæti og Jórunn Pála 9. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem haldnar verða 14. maí 2022.

Jórunn Pála Jónasdóttir.

Helgi Áss Grétarsson.

Björn Gíslason skipar 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar 14. maí

Þrífum borgina allt árið og öll ár, ekki bara á kosningaári

Björn Gíslason.

Borgarráð samþykkti á síðasta fundi sínum að verja 20 milljónum króna til viðbótar í vorhreinsun gatna- og stígakerfis borgarinnar. Það er í sjálfu sér gott mál enda ekki vanþörf á að borgarlandið sé vel hirt og þrifið. Ekki var þó hjá því komist, við þetta tilefni, að benda á að samþykktin fól eingöngu í sér viðbótarframlag til þrifa í aðdraganda kosninga, en nær hefði verið að þrífa borgarlandið allt árið og öll ár, ekki bara á kosningaári.

Þá bentum við sjálfstæðismenn jafnframt á að eingöngu væri verið að ráðstafa þessu viðbótarframlagi til þrifa á stígum meðfram stofnbrautum, en ekki inn í úthverfunum sem verður að teljast óheppilegt. Hér þarf borgin nefnilega að gera svo miklu betur, enda óhætt að segja að mörgum Reykvíkingum, á síðasta kjörtímabili, hafi blöskrað hirðuleysi Reykjavíkurborgar, bæði hvað varðar snjómokstur og almenna hreinsun gatna. Og þá sérstaklega inn í úthverfunum.

Snjómokstri verði sinnt betur en í vetur

Borgarbúar verða nefnilega að geta gert þá kröfu að snjómokstri sé sinnt mun betur en í vetur, en íbúar úthverfanna muna vel eftir vetrinum sem var svo slæmur að íbúar komust í einhverjum tilfella ekki til og frá vinnu. Íbúar verða jafnframt að geta gert þá kröfu að borgarbúum sé gert auðveldara fyrir að njóta útiverunnar í borginni með því að þrífa, hirða rusl í kringum ruslatunnur og sópa göngu-, hjóla- og hlaupastíga mun oftar en nú er gert. Sandur á stígum- og hjólastígum getur nefnilega orsakað mikla slysahættu, svo ekki sé nú talað um svifrykið sem af þessu hlýst, sem er hreinlega heilsuspillandi.

Í þessu samhengi er rétt að rifja upp hversu stórundarlegt það er að svifryksmengun hérlendis, í ekki nema 133 þúsund manna borg, á tímum kórónuveirufaraldursins, þar sem umferð var í algjöru lágmarki, hafi jafnast á við mengunina í stórborgum erlendis. Ástæðan fyrir því var og er einföld: Göturnar voru hvorki þvegnar né rykbundnar eins oft og þarf að gera til að draga úr svifryksmenguninni. Þetta sýndi kórónuveirufaraldurinn, svifrykið mældist mikið þrátt fyrir litla umferð bíla.

Drögum úr svifryksmengun

Almennt séð á borgin að ganga á undan með góðu fordæmi, halda borgarlandinu hreinu og snyrtilegu. Sú aðgerð mun hjálpa til við aðrar markvissar aðgerðir til að draga úr svifryksmenguninni, enda geta ábyrg borgaryfirvöld ekki unað því að rekja megi allt að 80 dauðsföll á ári til svifryksmengunar. Með því að koma þessu í lag munum við auka lífsgæði og betri loftgæði borgarbúa, sem er þjóðþrifamál sem allir eiga að láta sig varða.

Við höfum metnað til að gera betur

Við sjálfstæðismenn höfum skilning á mikilvægi þessarar grunnþjónustu, sem bæði þrif og snjómokstur eru. Þrátt fyrir að ráða ekki við veðrið getum við engu að síður búið okkur undir erfiðar aðstæður. Þannig er það engin afsökun að geta ekki brugðist við snjómokstri svo dögum skiptir eða þrifum. Við sjálfstæðismenn höfum metnað til að gera betur í þessum efnum og munum við leggja okkur í líma við að ganga á undan með góðu fordæmi þegar kemur að bæði þrifum og mokstri gefi borgarbúar okkur tækifæri til þess í komandi kosningum.

Björn Gíslason borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Betra Breiðholt með fólkið í forgangi

Kæru Breiðhyltingar. Hinn 14. maí nk. verður kosið til borgarstjórnar í Reykjavík. Með mér á lista Flokks fólksins er öfugt fólk, þau Helga Þórðardóttir, kennari, Einar Sveinbjörn Guðmundsson, kerfisfræðingur, Natalie Gunnardóttir, háskólanemi og stuðningsfulltrúi, og Rúnar Sigurjónsson, vélfræðingur.

Útrýmum biðlistum

Helstu baráttumál okkar beinast að bættum hag viðkvæmra hópa eins og öryrkja, eldra fólks, barna og efnaminni barnafjölskyldna. Í Reykjavík á engin að líða skort. Sem sálfræðingur og oddviti Flokks fólksins hef ég barist sérstaklega fyrir því að biðlistum barna eftir fagþjónustu í skólum verði eytt. Þann kvíða sem mörg börn glíma við má í mörgum tilvikum rekja til óviðunandi aðstæðna og skorts á faglegri aðstoð.

Langir biðlistar skólabarna eftir allri þjónustu í Reykjavík eru ótækir. Nú bíða um 1.900 börn m.a. eftir skólasálfræðingum og talmeinafræðingum. Við viljum gjöreyða þessum biðlistum. Tryggja öllum börnum aðgengi að tómstundastarfi og íþróttum án tillits til efnahags foreldra. Löngu er tímabært að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði innleiddur í Reykjavík.

Erfitt er að fullmanna leikskóla og vegna þess er fjöldi leikskólabarna heima. Lausn þessa alvarlega vanda verður að vera í forgangi þar sem horft er til bættra kjara starfsfólks.

Tryggjum framboð af alls konar húsnæði

Flokkur fólksins vill taka rækilega á hinum alvarlega skorti á húsnæði af öllum gerðum í Reykjavík fyrir alla aldurshópa, ekki síst með því að stórauka framboð á hagkvæmum lóðum. Það er nóg landrými í Reykjavík.

Húsnæðisskorturinn bitnar sífellt harkalegar á almenningi, sérstaklega efnaminna fólki og veldur aukinni verðbólgu. Við viljum beita okkur af krafti fyrir stórauknu framboði á hagkvæmu húsnæði en fátækt er beintengd skorti á því. Það er alvarlegt að húsaleiga nemi stundum allt að 70% af ráðstöfunartekjum þeirra verst settu.

Hömlulaus þéttingarstefna borgaryfirvalda hefur leitt til þess að í grónum hverfum eru innviðir sprungnir og íbúar uggandi um skóla- og umferðarmál til framtíðar. Við bætist að litlar íbúðir á þéttingasvæðum eru dýrar og efnaminna fólk hefur ekki ráð á þeim.

Í Breiðholti er stefnt að mikilli þéttingu byggðar og vissulega eru svæði í þessu gamalgróna hverfi þar sem þétta má byggð. En ekki má þétta svo mikið að skuggabyggð myndist. Flokkur fólksins styður hóflega þéttingu byggðar í grónum hverfum þar sem möguleikar eru á stækkun innviða og svigrúm er fyrir aukna umferð. Annars ekki.

U.þ.b. 600 manns eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði og á annað hundrað eftir sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk. Útrýma þarf húsnæðisskorti aldraðra. Til þess að aldraðir geti búið eins lengi heima og þeir vilja, þarf að tryggja þeim fullnægjandi heimaþjónustu.

Hlustum á óskir Breiðhyltinga

Flokkur fólksins vill hafa samráð við íbúa Breiðholts og hlusta á raddir þeirra. Því miður fór lítið fyrir samráði við deiliskipulag 3. áfanga Arnarnesvegar þrátt fyrir vel rökstudd mótmæli fjölda fólks í Breiðholti. Sú vegalagning mun þýða að sprengd verður 60 metra breið geil, 1,5 kílómetri að lengd, inn í eitt af dýrmætustu útivistarsvæðum borgarinnar. Aðgerðin er byggð á umhverfismati frá 2003 þrátt fyrir að þrábeðið hafi verið um nýtt mat enda svæðið gjörbreytt nú. Núverandi meirihluti í borginni hefur skellt skollaeyrum við þessum sjálfsögðu óskum íbúanna. Vetrargarður, leiksvæði barna, á að liggja þétt upp við brautina. Þarna gæti myndast hættuástand vegna svifryks á gráum dögum.

Kolbrún Baldursdóttir.

Gerum samgöngur greiðari

Við viljum liðka til fyrir öllum ferðamátum, hvort sem fólk kýs almannasamgöngur, bíla eða hjól. Mjög tímafrekari tafir í umferðinni eru óþolandi fyrir íbúa Breiðholts en þennan vanda má leysa að hluta með snjallstýrðum umferðarljósum.

Strætó hefur nú dregið saman þjónustu sína vegna alvarlegs fjárhagsvanda. En á sama tíma og fyrirtækið berst í bökkum fjárfestir það samt í nýju greiðslukerfi og von er á nýjum flota rafmagnsvagna. Ef vel væri haldið á spilunum ættu allir vagnar að vera metanvagnar þar sem gnótt er framleitt af þessu vistvæna eldsneyti hjá SORPU sem er í meirihlutaeigu borgarinnar. Flokkur fólksins vill stokka spilin upp á nýtt svo hægt sé t.d. að bjóða 67 ára og eldri og öryrkjum frítt í strætó.

Um 60 milljarða borgarlínuverkefni ríkir ekki nógu góð sátt. Nú þegar hafa 1,7 milljarðar verið fjárfestir í verkefninu. Þetta verkefni þarf að endurskoða og endurmeta að mati okkar í Flokki fólksins en fjölmargir Reykvíkingar setja stórt spurningarmerki við borgarlínuna.

Förum betur með peninga borgarbúa

Síðast en ekki síst þarf að koma á aga í rekstri borgarinnar. Margar fjárfestingar eru óhagkvæmar og staðið er í samkeppnisrekstri utan verkahrings borgarinnar. Mörg kostnaðarsöm mistök hafa verið gerð í fjárfrekum framkvæmdum og útboðum. Miðlæg stjórnsýsla hefur þanist út, fjölgun deilda og skrifstofa hefur kallað á tugi nýráðninga með miklum kostnaði, án þess að þjónusta við borgarbúa batni.

Það er grundvallarkrafa að sýna ráðdeild í rekstri borgarinnar – að nota skattfé Reykvíkinga samviskusamlega til að bæta þjónustu í stað þess að bruðla með peninga fólks.

Flokkur fólksins vill draga úr fjárfestingum í verkefni sem ekki liggur á og jafnvel enginn er að biðja um. Setja á fólk í forgang og tryggja fæði, klæði og húsnæði fyrir alla. Lýðheilsu borgarbúa veður að sinna með fullnægjandi hætti.

Hægt er að sjá öll framlögð mál Flokks fólksins í borgarstjórn á vefsíðunni www.kolbrunbaldurs.is

Fólkið fyrst – svo allt hitt!

Kolbrún Baldursdóttir, Breiðhyltingur, oddviti Flokks fólksins í Reykjavík og frambjóðandi í fyrsta sæti Flokks fólksins í komandi borgarstjórnarkosningum

Eitt samfélag

- útrýmum sárafátækt

Staðreynd er að samfélög þar sem samstaða og samhjálp er mikil, ná lengra sem heild en samfélög þar sem fólk hugsar fyrst og fremst um eigin hag. Það er samfélög með sterkt velferðarkerfi.

Á kjörtímabilinu samþykkti Borgarstjórn aðgerðaáætlun til að vinna gegn því samfélagsmeini sem sárafátækt er. Sérstaklega var horft á aðstæður barna og stærsta aðgerðin var því að tryggja börnum notenda fjárhagsaðstoðar leikskóladvöl, dvöl á frístundaheimili auk skólamáltíða án þess að foreldrar greiði fyrir það. Sú einstaka aðgerð sem best er talið að geti komið í veg fyrir fátækt barna er að aðstoða foreldra við að stunda launaða vinnu. Við höfum komið upp sérstöku Virknihúsi til að styðja notendur fjárhagsaðstoðar aftur út í lífið, á þeirra forsendum. Við settum á laggirnar sérstakt húsnæðisúrræði fyrir unga einstæða foreldra þar sem þeim býðst húsnæði og stuðningur við heimilishald. Úrræðið Tinna var eflt en tilgangur þess er að styðja unga einstæða foreldra aftur í virkni og vinnu. Ráðnir voru til starfa sérstaklir sendiherrar sem eru tengiliður fyrir fólk af svipuðum uppruna og málsvæði. Þeir miðla upplýsingum inn í hópinn um þjónustu borgarinnar , eins og t.d. um möguleika barna til íþrótta- og frístundaþátttöku og upplýsingum tilbaka til borgarinnar um hvað betur má fara. Áhersla hefur verið á að auðvelda börnum í Breiðholti þátttöku í frístundum.

Heiða Björg Hilmisdóttir.

Húsnæðisöryggi

Það er stefna borgarinnar að 25% íbúðauppbyggingar í borginni sé leiguhúsnæði rekið án hagnaðarsjónarmiða. Íbúðum félagsbústaða hefur fjölgað um 607 frá janúar 2018 en þær eru nú 3012, og um helmingi færri bíða nú eftir íbúð en í upphafi kjörtímabils. Á kjörtímabilinu hækkuðum við tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings 8% umfram tekjumörk í leiðbeiningum ráðuneytis til að fleiri ættu rétt á stuðningnum. Samfylkingin lítur á það sem mannréttindi að eiga heimili, við höfum haft forystu um að innleiða „húsnæði fyrst“ stefnuna, um að veita heimilislausu fólki tækifæri til að reka eigið heimili.

Heiða Björg Hilmisdóttir er formaður Velferðarráðs Reykjavíkur og skipar annað sæti á lista Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar í vor.

SPENNANDI VIÐBURÐIR Í HVERJUM MÁNUÐI

ALLTAF GAMAN

FRÍTT INN

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. **facebook.com/keiluhollin**

Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is



keiluhollin.is

Keiluhöllin EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

SHAKE&PIZZA GÓÐAN DAGINN

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

EIN, TVÆR OG FRÍ PIZZA EF ÞÚ SÆKIR

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI

– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

Pantaðu á **shakepizza.is** eða í síma **5 17 18 19**

EINN, TVEIR OG FRÍR SHAKE EF ÞÚ SÆKIR

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI

GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. – BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Skemmtileg sumarnámskeið og vinnuskóli

Þegar líður að lokum skólaársins þurfa foreldrar, börn og unglingar að huga að þátttöku í sumar í uppbyggilegu íþrótta- og frístundastarfi. Þátttaka í slíku sumarstarfi er mikilvæg fyrir öll börn og unglinga sem geta komið því við að taka þátt. Fátt er skemmtilegra en að fást við skemmtileg og áhugaverð verkefni á sumarnámskeiðum t.d. í íþróttum, tónlist eða leiklist í góðum félagsskap undir stjórn fullorðinna leiðbeinenda.

Jóhannes Guðlaugsson.

Þá má ekki gleyma mikilvægi sumarnámskeiðanna í forvörnum en rannsóknir hafa sýnt að þeir unglingar sem taka þátt í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi yfir sumartímann eru síður líklegir til að reykja, verða ölvaðir eða neyta fíkniefna en þeir sem ekki taka þátt í slíku starfi á sumrin. Foreldrar eru því hvattir til að gefa börnum sínum og unglingum tækifæri og hvatningu til þátttöku. Sú hvatning á einnig við vegna þess hve erfitt þetta skólaár hefur verið vegna Covid, veðurs ofl. Virkni barna krefst hvatningar eftir þá félagslega ládeyðu sem hefur dunið yfir okkur.

Fjöldi námskeiða á vegum frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, íþróttafélaganna ÍR, Leiknis og Ægis standa til boða í Breiðholtinu auk námskeiða annarra aðila.

Upplýsingar um sumarnámskeið er að finna á vefnum www.fristund.is

Öllum unglingum í 8.-10. bekk í Reykjavík stendur til boða að skrá sig í Vinnuskólann. Þar stunda unglingarnir vinnu í ákveðinn tíma á dag og í ákveðinn vikufjölda yfir sumarið undir stjórn fullorðinna flokkstjóra. Unglingarnir fá laun fyrir sína vinnu sem getur verið allt frá garðyrkju yfir í að vera aðstoðarleiðbeinendur á sumarnámskeiðum yngri barna.

Upplýsingar um skráningu í Vinnuskólann er að finna á vefnum: www.vinnuskoli.is

Gleðilegt sumar

Jóhannes Guðlaugsson
Frístundatengill hjá
Þjónustumiðstöð Breiðholts

NOON
HÁRSTOFA
5672077 HÓLMASELI 2, 109 RVK

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Getraunanr. 111 www.leiknir.com
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Fimm kallaðir í hæfileikamótun

Fimm drengir úr fjórða flokki Leiknis hafa verið kallaðir til æfinga í hæfileikamótun KSÍ.

Um er að ræða hópæfingar þar sem knattspyrnusambandið fær tækifæri til að skoða hvaða leikmenn eru að koma upp í uppeldisstarfi félaganna og gætu mögulega verið klárir í U-landsliðsumhverfið á næstu árum.

Það voru þeir Karan, Egill Ingi, Steinn Aziz, Adam og Axel Örn sem fengu kallið að þessu sinni og eru þeir á myndinni.

LEIKNIR
www.leiknir.com

LEIKNIR
GETRAUNANÚMER LEIKNIS ER 109
1X2
GETRAUNIR.IS

Foreldrar verum samtaka

Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22
13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20
13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Samstarfshópur um forvarnir
SAMAN
Ríkislögreglustjórinn

Tvöfaldur ÍR sigur á Íslandsmóti

Í lok mars lauk keppni á Íslandsmóti einstaklinga 2022 í keilu. Voru það þau Hafþór Harðarson og Linda Hrönn Magnúsdóttir bæði úr ÍR sem urðu Íslandsmeistarar.

Hafþór var að ná sínum 6. Íslandsmeistaratitli þar af annan í röð og jafnar þar með met annars ÍR-ings hans Magnúsar Magnússonar en þeir tveir bera höfuð og herðar annarra karla á Íslandsmótinu. Linda Hrönn var að ná sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli einstaklinga en hún hefur samt sigrað Íslandmót öldunga (50+) auka annarra móta á sínum ferli.

Linda sem er á 63. aldursári er einnig elsti einstaklingurinn sem sigrar þetta mót. Spilaði hún úrslitaleikinn með því að ná 238 pinna af 300 mögulegum, stórglæsilegt hjá henni. Í öðru sæti hjá konunum varð Ástrós Pétursdóttir einnig úr ÍR og í 3. sæti í karlakeppninni varð Einar Már Björnson ÍR-ingur. Hafþór sigraði úrslitakeppnina örugglega en hann náði þar 235 pinnum gegn 164 hjá Arnari Davíð úr KFR.

Hafþór Harðarson og Linda Hrönn Magnúsdóttir bæði úr ÍR sem urðu Íslandsmeistarar.

ALLTAF FULLT BORÐ AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM
Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.
FISKBÚÐ HÓLMGEIRS MJÓDD
ÁFRAM ÍR

Keilukrakkarnir sigursælir

Keilukrakkar ÍR hafa verið sigursælir á keppnistímabilinu en keppni er lokið þetta tímabilið hjá ungmennum í keilu.

Í lokaumferð í Meistarakeppni KLÍ voru fimm umferðir leiknar yfir tímabilið þar sem krakkarnir leika sex leiki í fyrsta til þriðja flokki en krakkarnir í fjórða og fimmta flokki leika þrjá leiki hvert sinn. Bestu fjórar umferðir telja síðan til stigakeppninnar sem nær yfir tímabilið. Í fyrsta flokki pilta átti ÍR efstu þrjá keppendurnar á verðlaunapalli, annað sætið í fyrsta flokki stúlkna, fyrsta sætið í öðrum flokki pilta og einnig í öðrum flokki stúlkna. Þá varð mikil fjölgun í keppendahópi í fjórðu og fimmtu flokkum.

Sigursælir krakkar í keilunni hjá ÍR.

Joserabúðin Ögurhvarfi 2
joserabudin.is
Josera brugð af vináttu
Voffsalega skemmtileg gæludýrabúð!

Mannabreytingar í stjórn og heiðursmerki á aðalfundi ÍR

Tvær mannabreytingar urðu í aðalstjórn ÍR aðalfundi félagsins félagsins sem fór fram 5. apríl síðast liðinn. Lísa Björg Ingvarsdóttir, varaformaður, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og Lilja María Norðfjörð, meðstjórnandi, gaf heldur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Guðbrandur Daníelsson og Sigurður Gunnar Kristinsson koma nýir inn í stjórn sem meðstjórnendur. Aðrar breytingar á stjórninni eru þær að Auður Sólrún Ólafsdóttir tekur við stöðu varaformanns og Guðmundur Óli Björgvinsson við stöðu ritara. Veittar voru tvær heiðursorður fyrir vel unnin störf hjá félaginu. Arndís Ólafsdóttir fékk afhent silfurmerki og Ingigerður H. Guðmundsdóttir fyrrum formaður félagsins fékk afhent gullmerki.

Arndís og Inga hlutu hlutu heiðursorður ÍR fyrir vel unnin störf.

HEIMASÍÐA ÍR: www.ir.is

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM
Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.
Við höfum góða reynslu í þessum efnum.
smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur

Velkomin í FB

Fjölbreytt nám í skapandi umhverfi

- Félagsvísindabraut
- Framhaldsskólabraut
- Íþróttabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin braut
- Starfsbraut
- Tölvubraut
- Húsasmiðabraut
- Rafvirkjabraut
- Sjúkraliðabraut
- Snyrtibraut
- Fata-og textílbraut
- Myndlistarbraut
- Nýsköpun, hönnun og listir

Undirbúningsnám fyrir skapandi nám á háskólastigi.
Nemendur verða að hafa lokið stúdentsprófi,
starfsnámsprófi eða sambærilegum prófum.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.fb.is

@fbskoli

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti Austurberg 5 111 Reykjavík Sími 570 5600 www.fb.is